

Alþingi
Erindi nr. P 135/1942
komudagur 31.3.2008

UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☎ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Alþingi - Iðnaðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. mars 2008
Tilvísun: UST20080300019/tb

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum á auðlinda- og orkusviði, opinbert eignarhald auðlinda, fyrirtækjaaðskilnaður


Vísað er í bréf frá Iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 4. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum á auðlinda- og orkusviði, 432. mál, opinbert eignarhald auðlinda, fyrirtækjaaðskilnaður.

Tilgangur framangreinds frumvarps er að setja reglur um eignarhald auðlinda í opinberri eigu og skýra mörk samkeppnis- og sérleyfisþátta í starfsemi orkufyrirtækja. Er það gert til að tryggja að öll mikilsverðustu vatns- og jarðhitaréttindi sem nú eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga, beint eða óbeint, haldist áfram í eigu þessara aðila.

Umfjöllun um eignarhald á auðlindum er að öllu jöfnu ekki eitt af hlutverkum Umhverfisstofnunar og gerir stofnunin því ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Í 3. mgr. 1. gr. laga um náttúruvernd, sem stofnunin vinnur m.a. eftir, segir að löggin eiga að stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Í Velferð til framtíðar (2002), Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, Stefnumörkun til 2020 segir um sjálfbæra þróun: *Sjálfbær þróun hefur þrjár megin stoðir: efnahagsvöxt, félagslega velferð og jöfnuð og vernd umhverfisins.* Lög um náttúruvernd og stefnumörkun um sjálfbæra þróun taka því tillit til þess að hagsmunir almennings og þar með umhverfisins séu m.a. hafðir að leiðarljósi við nýtingu auðlinda. Þetta kemur m.a. fram í almannarétti sem tryggir almenningi aðgang og nýtingu á náttúru landsins eftir ákveðnum reglum. Önnur lög sem Umhverfisstofnun vinnur samkvæmt svo sem lög um hollustuhætti og mengunarvarnir eiga að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengðu umhverfi.

Umhverfisstofnun telur að með framangreindu frumvarpi til laga sé með svipuðum hætti og gert er með almannarétti verið að tryggja að almenningur í landinu hafi örugglega aðgengi og að vissu marki umráðarétt yfir grundvallar auðlindum eins og vatni og orku og að því leyti falli löggin að stefnumörkun um sjálfbæra þróun/nýtingu.

Virðingarfyllt


Kristín Linda Árnadóttir
Förstjóri


Trausti Baldursson